



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - Víðir

2. deild karla

Eskjuvöllur

29. júlí 2017

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



ALCOA




Síldarvinnslan hf



HÚSASMÍÐJAN



ESKJA



TOYOTA



LANDSBANKINN

HÓTEL CAPITANO

SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR
TM

OLÍS

PVOTTABJÖRN

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

BÍLALEIGA AKUREYRAR

ORKUSALAN

LAUNAFL

AUSTFJARÐALEIÐ

ÍSLANDBANKI

EFLA, VERKFRÆÐISTOFA

KAFFIHÚS ESKIFJARÐAR

ICELANDAIR

VÍS

SAMHENTIR, UMBÚÐALAUSNIR

SALTKAUP

SJÓVÁ

FISKMIÐ

EIMSKIP

EGERSUND

ARION BANKI

VHE

GP SÓNAR

SAMSKIP

BRAMMER

RARIK

GESKUR

FJARÐABYGGÐ - VÍÐIR

Verið velkomin á leik Fjarðabyggðar og Víðis úr Garðinum. Okkar menn hafa verið í banastuði í síðustu leikjum og unnið þrjá leiki í röð! Það eru fá lið í Íslandsmótinu öllu sem eru búin að vinna þrjá leiki í röð og hafa þessir sigrar heldur betur spyrnt okkur frá botninum og er liðið mætt til leiks í 2. deildinni þetta sumarið. Í síðasta leik fór Fjarðabyggð í Skagafjörðinn og vann 2-3 sigur á Tindastóli. Leikurinn var erfiður, sér í lagi vegna þess að Georgi fékk rautt spjald og lék Fjarðabyggð manni færra í rúma klukkustund! En það kom ekki að sök og sigur staðreynd. Ondo setti eitt mark en spánýr leikmaður, Enrique Rivas, skoraði tvívegis. Var þetta í annað sinn í sumar sem hann fékk rauða spjaldið og þarf þessi sóknarmaður því aðeins að hafa sig hægan.

Víðir hefur átt fínasta tímabil og er um miðja deild. Það gæti með góðu gengi blandað sér í toppbaráttu en með slæmu gengi yrði ekki langt í botnbaráttu. Liðin mættust í Garðinum í furðulegum leik í maí. Fjarðabyggð byrjaði þar betur og komst yfir en lagði síðan árar í bát og tapaði sanngjarnt 2-1.

En það verður ekkert tap í dag! Náum nú fjórða sigrinum í röð! Hvetjum strákana; áfram Fjarðabyggð!

Fjarðabyggð

- Milos Peric
- Sveinn Fannar Sæmundsson
- Nikola Kristinn Stojanovic
- Milos Vasiljevic
- Loic Cédric Mbang Ondo
- Stefán Þór Eysteinnsson
- Marteinn Þór Pálmason
- Jóhann Ragnar Benediktsson
- Hlynur Bjarnason
- Haraldur Bergvinsson
- Adam Örn Guðmundsson
- Þorvaldur Marteinn Jónsson
- Víkingur Pálmason
- Georgi Karaneychev
- Anton Bragi Jónsson
- Filip Sakaluk
- Pálmi Þór Jónasson
- Zoran Vujovic
- Aron Gauti Magnússon
- Mikael Natan Róbertsson
- Enrique Ramirez Rivas
- Hafsteinn Gísli Valdimarsson
- Pálmi Þór Jónasson
- Sævar Örn Harðarson

Þjálfari: Dragan Stojanovic

Víðir

- Eyþór Guðjónsson (M)
- Helgi Þór Jónsson
- Arnór Smári Friðriksson
- Róbert Örn Ólafsson
- Daníel Gylfason
- Arnór Svansson
- Aleksandar Stojkovic
- Jón Gunnar Sæmundsson (F)
- Jón Tómas Rúnarsson
- Pawel Grudzinski
- Ari Steinn Guðmundsson

Varamenn

- Þröstur Ingi Smáráson (M)
- Unnar Már Unnarsson
- Baldur Búi Heimisson
- Breki Einarsson
- Patrekur Örn Friðriksson
- Patrik Snær Atlason
- Ási Þórhallsson

Þjálfari: Guðjón Árni Antoníusson

Miðað er við skýrslu síðasta leiks Víðis

VIÐTAL: STEFÁN ÞÓR EYSTEINSSON

Stefán Þór er fyrirliði Fjarðabyggðar og leikjahæsti leikmaður í sögu liðsins. Við fengum Stefán til að fara yfir nokkur atriði á sínum glæsilega ferli.

Hvernig var upphafið í meistaraflokki? Það vill svo skemmtilega til að fyrsti leikurinn minn fyrir meistaraflokk KFF kom einmitt undir stjórn Dragans þegar ég var nýorðinn 16 ára. Ég byrjaði samt ekki á fullu með meistaraflokki fyrr en árið eftir hjá þeim Heimi og Elvari. Þar voru Halldór Hermann, Marjan, Goran og Rajko aðal mennirnir. Þetta var alveg hrikalega skemmtilegt sumar þar sem við vorum með mikið af ungum og efnilegum leikmönnum í bland við eldri og reyndari. Við unnum okkar riðil í 3. deild það árið og fórum upp í 2. deild.



Eftirminnilegasti leikur? Ég hef leikið marga skrautlega leiki í gegnum árin en sennilega er sá eftirminnilegasti þegar við tryggðum okkur fyrsta sætið í 2. deildinni. Jói Ben gerði sér lítið fyrir og skoraði 2 mörk úr vinstri bakverðinum og svo tryggði hægri bakvörðurinn hann Sveinn Fannar þetta fyrir okkur og við tókum 2-3 sigur á útivelli gegn Gróttu. Alltaf gaman að vinna á þeim velli og í þeim leik var lítið af hálfvitum í stólunum.

Skemmtilegasta tímabilið? Skemmtilegasta tímabilið er klárlega þegar við unnum 2. deildina árið 2014. Við rúlluðum upp deildinni og var mikið af heimamönnum bæði í byrjunarliðinu og í hópnum. Það árið var alveg hrikalega góð stemming í hópnum og var gaman að fara í alla leiki.

Hvernig finnst þér sumarið hafa gengið hingað til? Það hefur gengið frekar brösulega og við verið langt frá okkar besta. Ég játa það að ég átti von á okkur mikið sterkari í þessari deild. Við erum loksins núna að komast á skrið og reikna ég með að við höldum áfram á sömu braut enda allir í liðinu ákveðnir í að sýna að fyrri hluti tímabilsins hafi verið slys.

Hvað þarf að gera til að Fjarðabyggð geti tekið næstu skref sem félag? Mér finnst síðustu tvær þjálfararáðningar vera til marks um að KFF vilji aftur byrja á að byggja á heimamönnum. Víglundur vildi nota heimamenn og Dragan er óhræddur að nota ungu strákana og þannig á það að vera. Einnig er risin þessi fína stúka þannig hlutirnir eru á réttri leið.

Eitthvað að lokum? Við leikmennirnir erum ævinlega þakklátir öllum þeim sem gera okkur kleift að spila og á það við um alla þá sem leggja vinnu í klúbbinn sem og aðdáendurna. Stuðningurinn á leikjum í sumar hefur verið mjög góður og heldur vonandi áfram að vera góður.

SPÁMAÐURINN

Spámaðurinn að þessu sinni er Daníel Geir Moritz, ritstjóri leikskrár.

Daníel Geir hefur fylgst vel með Fjarðabyggð síðustu ár og sat f.h. félagsins á ársþingi KSÍ í febrúar sl. Daníel Geir er kennari og sinnir ýmsum verkefnum hjá vefsíðunni fotbolti.net. En hvernig fer leikurinn?

„Jú, takk fyrir. Alltaf kjanalegt að skrifa um sjálfan sig en nóg um það. Góður gangur hefur verið hjá liðinu og styrkingar voru gerðar í glugganum. Ég held að í dag munu liðið leika sinn besta leik í sumar og vinna sannfærandi 3-0 sigur. Víkingur Pálmason verður á skotskónum, svo dæmi sé tekið.“

